

Anna María Ingvarsdóttir

Ég býð mig fram í varastjórn félagsins meðal annars því mig langar að kynnst því hvernig stjórnin starfar. Það eru ýmis mál á vegum félagsins sem mér finnst áhugaverð og vil eiga aðkomu að með sitjandi stjórn til að gera úrbætur á.

Fyrst ber að nefna reglur um innflutning. Ljóst er að það var gríðalegur ávinningur þegar þær breytingar voru gerðar að einangrunarvist var stytta um helming. Sú stytting var þó ekki án fórna þar sem kröfur við innflutning hafa aukist mikið með bæði auknum tilkostnaði auk þess sem innflutningsaðilar eru að lenda í því að ræktendur sem þeir hafa starfað með til fjölda ára eru ekki lengur tilbúnir að leggja á sig þá vinnu sem fylgir því að flytja hund til Íslands. Einnig hefur borið á því að orðalagi í lögnum sé mögulega ábótavant þannig að afleiðingarnar eru að nú gilda reglur sem var mögulega ekki ætlunin að settar yrðu. Ég þekki ekki alla annmarkana sem fylgja nýju lögnum en þetta langar mig að skoða heildstætt í samstarfi við félagsmenn og stjórn félagsins svo vinna megi bragabót á.



Þá er ljóst að stjórnir fyrri ára hafa unnið að því að finna skrifstofu félagsins hentugra húsnæði en það er eitthvað sem ég myndi gjarnan vilja vinna með sitjandi stjórn að. Minn draumur er að félagið gæti starfað í húsnæði þar sem boðið yrði uppá fjölhæfa starfsemi þar sem m.a. væri aðstaða fyrir öflugt íþróttastarf í hundafimi, hlýðni o.fl. Þessi aðstaða gæti mögulega verið leigð út til hundapjálfa og nýst sem aðstaða undir deildarsýningar. Yrði að lágmarki svo stórt að það myndi rúma tvo sýningahringi og að við þessa aðstöðu yrði skrifstofuaðstaða fyrir félagið ásamt fundarrýmum. Tel ég að með góðri aðstöðu gætu möguleikar til starfa með hundum aukist verulega. Þetta verkefni er vissulega gríðarlega stórt og ég hef ekki allar forsendur til að meta hvort minn draumur sé raunhæfur en þó er mikilvægt að áfram verði unnið að því að finna félaginu húsnæði sem nýtist betur undir starfsemi þess.

Það er líka ýmislegt annað sem ég hef áhuga á að starfa að, t.d. hundamenning almennt á Íslandi og hvernig væri hægt að gera úrbætur þar, m.a. svo hundar yrðu velkomnir víðar. Við höfum þó stigið gríðaleg framfaraskref á þessu sviði en það er alveg rými fyrir frekari úrbætur.

Þá tel ég að innsýn mitt til fyrirtækjareksturs gæti komið til góða þegar kemur að starfsemi félagsins.

En aðeins um mig. Ég er algjör dýrakerling og ólst upp með hinum ýmsu gæludýrum, m.a. hundum, köttum, hömstrum og fiskum. Ég fór í sveit sem barn, vann á nokkrum sveitabæjum sem unglingur og naut mín vel í því umhverfi. Planið var alltaf að verða dýralæknir en beygði af þeirri leið og endaði sem endurskoðandi. Eftir að ég fór að búa voru gæludýrin í smærri kantinum en heima hjá mömmu voru nær alltaf hundar. Eftir að Unnur systir kom heim eftir dýralæknánám sitt, árið 2011, fór hún að taka þátt í hundasýningum með Labradorana sína. Oft kom ég með til að fylgjast með og fannst þetta virkilega áhugavert sport. Leiddi það til þess að árið 2016 flutti ég inn Havanese rakkann minn og fór þá að taka þátt í sýningum á vegum félagsins og kynnst innri starfi þess. Árið 2019 flutti ég svo inn Havanese tík frá Finnlandi og nú í febrúar var ég svo með fyrsta gotið mitt og hlakka til frekari verkefna í hlutverki sem ræktandi. Ég tók sæti í sýninganefnd fyrir 3 árum og hef aðstoða við uppsetningu á nokkrum sýningum, bæði þar á undan og eftir. Þá hef ég verið í stjórn smáhundadeildarinnar síðustu 2 árin og unnið ótulllega að málefnum þeirrar deildar þó verkefnið hafi vissulega verið fá seinna árið.

Þrátt fyrir skamman tíma í hundunum vona ég að ég hafi það traust til að bera að félagsmenn kjósi mig í varastjórn félagsins og gefi mér tækifæri til að vinna að frekari úrbótum innan félagsins okkar.

Kveðja

Anna María.